



LT-verkefnið 20 ára: Áhrif upphafspéttleika á lerkí

Lárus Heiðarsson¹ og Bjarni Diðrik Sigurðsson²

¹Land og skógur, Egilsstöðum (Larus.Heidarsson@landogskogur.is);

²Landbúnaðarháskóli Íslands (bjarni@lbhi.is)

„Langtímarannsóknir í skógrækt“ eða LT-verkefnið var gróðursett á árunum 2002-2004 á Fljótsdalshéraði og í Gunnarsholti. Á Fljótsdalshéraði var samtímis lögð út hliðartilraun með mismunandi upphafspéttleika rússalerkis (1.000, 2.000, 3.500 og 5.000 tré/ha) á fjórum stöðum, þar sem hálfur reiturinn hefur fengið bestu skógarumhirðu en hinn helmingurinn enga umhirðu frá gróðursetningu. Nú hefur millibilsjöfnun farið fram á nær öllum stöðum á 3.500- og 5.000-reitunum og hér kynnum við stöðuna eftir 20 ára vöxt.

Yfirhæð (Hy) svarar upphafspéttleika marktækt, en hún var lægst 5,6 m í 1.000 og hæst 6,5 m í 5.000. Hæðarvaxtargetan jókst því um 15% í þéttustu lundunum. Þetta hlutfall er óbreytt frá síðustu úttekt. Lítil munur var enn á meðalþvermáli á milli meðferða, en grunnflötur (GF) var orðinn 25 m²/ha í ógrisjuðu 5.000-reitunum, en bara tæpir 6 m²/ha í 1.000 og aðrir reitir með 12-17 25 m²/ha GF.

Eins og við mátti búast var árlegur (ÁV) hlaupandi bolviðarvöxtur mestur hjá meðferð 5.000 sem ekki var grisjuð, 12 m³/ha/ár, og minnstur hjá meðferð 1000, nálægt 3 m³/ha/ár, en í grisjuðu meðferðunum var hann 6-7 m³/ha/ár.

Gerð var framtíðarviðarvaxtarþá fyrir millibilsjöfnuðu umhirðumeðferðirnar miðað við enga, eina eða tvær grisjanir í viðbót fyrir hverja meðferð. Í þeim var hámarkaður fjárhagslegur ávinningur (NPV) af ræktuninni yfir eina vaxtarlotu. Arðsamasta meðferðin reyndist vera 5.000 tré/ha í upphafspéttleika og með tveimur grisjunum við 24 og 39 ára aldur og vaxtarlotu upp á 52 ár. Þetta kom talsvert á óvart og er mikil breyting frá síðustu úttekt þegar 2.500-3.000 trjáa/ha upphafspéttleiki var arðsamastur.

Í frekari keyrslum þarf að taka tillit til ábata vegna kolefnisbindingar og viðarnýtingar og meta þannig hámarksarðsemi ræktunarinnar.

